



Stofnanasamningur Fjölbrautaskólans í Breiðholti – FB og félagsmanna í aðildarfélögum Kennarasambands Íslands – KÍ eftir endurskoðun miðað við gildistöku 1. ágúst 2015

1. Gildissvið

Samningurinn nær til starfsmanna Fjölbrautaskólans í Breiðholti sem eru félagsmenn í Kennarasambandi Íslands.

2. Markmið

Markmið samningsins er að launaröðun verði gagnsæ og ákvarðanir um launaröðun séu teknar hlutlægt og með málefnalegum hætti.

3. Röðun starfa í launaflokka

3.1 Leyfisbréf

Leyfisbréf sem veitir réttindi til þess að bera starfsheitið framhaldsskólakennari

- 2 launaflokkar

3.2 Áhrif menntunar á röðun í launaflokka:

- Meistarapróf í iðngrein eða sambærilegt 1 launaflokkur
- BA/BS próf eða sambærilegt 2 launaflokkar
- 240 eininga háskólapróf eða sambærilegt 1 þrep
- MA/MS próf í kennslugreininni 3 launaflokkar
- Doktorspróf í kennslugreininni 4 launaflokkar

3.3 Áhrif kennslureynslu á röðun í launaflokka:

- Eftir 1 ár í starfi 1 launaflokkur
- Eftir 2 ár í starfi 1 launaflokkur
- Eftir 3 ár í starfi 1 launaflokkur
- Eftir 5 ár í starfi 1 launaflokkur
- Eftir 10 ár í starfi 1 launaflokkur
- Eftir 15 ár í starfi 1 launaflokkur

Kennarar sem afsöluðu sér ekki kennsluafslætti í kjarasamningi 2001, hækka ekki um launaflokk eftir tíu ára starfsaldur og hækka aðeins um eitt þrep eftir fimmtán ára starfsaldur í stað þess að hækka um launaflokk.

3.4 Kennari án starfsréttinda á framhaldsskólastigi grunnraðast í launflokk samkvæmt menntun hans. Eftir eitt ár hækkar hann um 1 launaflokk og eftir tvö ár hækkar hann um 1 launaflokk í viðbót. Ekki er um frekari starfsaldurshækkanir að ræða. Frá því má víkja sé kennari skráður í réttindanám eða hafi reynt án árangurs að komast í það.

3.5 Námsráðgjafar með réttindi grunnraðast í launaflokk 8 og geta hækkað um þrep við 60 eininga viðbótarnám. Þeir hækka um launaflokk eftir fjögurra ára starf og aftur eftir átta ára starf.

3.6 Rekstrarstjóri grunnraðast í launaflokk 10.

3.7 Áfangastjóri grunnraðast í launaflokk 12. Hann hækkar um launaflokk eftir fjögurra ára starf og aftur eftir átta ára starf.

Handwritten signatures and initials in blue ink:
M^{1/2}
B
G
RSM

3.8 Aðstoðarskólameistari grunnraðast í launaflokk 14. Hann hækkar um launaflokk eftir fjögurra ára starf og aftur eftir átta ára starf.

4. Persónu- og tímabundnir þættir

4.1 Tímabundnir þættir

- Sviðsstjórn: hækun um 2 launaflokka og tveggja kennslustunda kennsluafsláttur.
- Skólameistara er heimilt að fela kennara tímabundna verkefnisstjórn. Slíkt fer eftir aðstæðum og fjárheimildum hverju sinni. Eftirtaldir þættir eru meðal þeirra sem greiðast sérstaklega skv. ákvörðun skólameistara:
 - Fagstjórn
 - Umsjón með ólögráða nemendum
 - Félagsstarfastjórn/forvarnir
 - Tækjumsjón
 - Starf í nefndum á vegum skólans
 - Önnur atriði sem stjórnendur leggja áherslu á hverju sinni

4.2 Persónubundnir þættir – viðbótarnám og starfsreynsla

Hafi kennari lokið 60 eininga viðbótarmenntun í kennslugrein frá viðurkenndum menntastofnunum getur hann sótt um að flytjast upp um þrep.

Hafi kennari aðra starfsreynslu að loknu námi í kennslugrein en kennslu sem nýtist honum í faginu getur hann sótt um að fá þá starfsreynslu metna til starfsaldurshækkunar eins og kennslureynslu. Miðað er við að tvö ár í öðrum störfum samsvari að lágmarki einu ári í kennslu. Þó skal önnur starfsreynsla aldrei metin hærra en sex ára kennslureynsla.

5. Samstarfsnefnd og meðferð ágreiningsmála


Samstarfsnefnd um stofnanasamning er skipuð þremur fulltrúum starfsmanna Kennarasambands Íslands auk þriggja varamanna og þremur fulltrúum stjórnenda Fjölbrautaskólans í Breiðholti. Hún starfar í samræmi við ákvæði í 11. kafla í samkomulagi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands sem undirritað var 18. mars 2005. Skjóta má ágreiningsefnum sem upp kunna að koma vegna framkvæmdar þessa samnings til samstarfsnefndarinnar. Erindi til nefndarinnar skulu berast skriflega.


6. Gildistími


Samningur þessi tekur gildi 1. ágúst 2015. Hvor aðili um sig getur farið fram á endurskoðun hans og kallað samstarfsnefnd um stofnanasamning til starfa verði breytingar á miðlægum kjarasamningi eða starfsemi stofnunarinnar.

Að jafnaði skal stofnasamningur endurskoðaður á tveggja ára fresti.


Reykjavík 4. maí 2015



Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir


Magnús Ingvarsson


Ingibjörg Dís Geirsdóttir


Guðbjörn Björgólfsson


Ragnar Sveinn Magnússon


Baldvin Björgvinsson